

Skólanámskrá Víkurskóla 2025-2026

Danska

Kennarar: María Björk Einarsdóttir og Viktoría Júlía Hauksdóttir

Grunnþættir menntunar

Hér að neðan eru linkar í rit um grunnþætti menntunar



Danska við lok 10. bekkjar		
Námsþættir	Hæfniviðmið nemandi getur:	Námsleiðir
Hlustun og áhorf	<u>Frásagnir og kynningar</u> skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt, <u>Fjöl- og myndmiðlar</u> fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt, <u>Greining upplýsinga</u> hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.	- Hlustunaræfingar á dönsku, með áherslu á mismunandi þætti hlustunar, t.d. skilja aðalatriði, greina upplýsingar og átta sig á tilfinningum í frásögnum. - Fylgjast með dönskum þáttum á rafrænum miðlum og vinna verkefni sem tengjast innihaldi þeirra, t.d. samantektir, spurningar eða kynningar. - Þátttaka í samskiptum í skólastofu á dönsku, fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum

		kennara sem sagðar eru á dönsku. • Hlustun á danski tónlist, greina orð og merkingu, vinna með texta og túlka boðskap. • Horfa á danskar stuttmyndir og kvikmyndir, draga fram aðalatriði, bera saman sjónarhorn og ræða innihald. • Unnið með innihald kynninga á dönsku, t.d. draga fram helstu atriði, endursegja eða vinna úr upplýsingum á skapandi hátt.
Lesskilningur	<u>Greining aðalatriða</u> aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu, <u>Rauntexar</u> lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt, <u>Bókmenntir</u> lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta, <u>Aðrar námsgreinar</u> lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum, <u>Orðaforði</u>	• Hlustun og skilningur á textum, með áherslu á að greina aðalatriði frá aukaatriðum og nýta upplýsingar í verkefnavinnu. • Lesa, skilja og vinna með fjölbreyttan orðaforða úr textum, bæta lesskilning og orðaforða í skrifum og munnlegum verkefnum. • Lesa bókmenntir til gagns og ánægju, vinna með efni þeirra, ræða merkingu og gildi bókmennta í daglegu lífi. • Lesa rauntexa úr fjölbreyttum miðlum til fróðleiks og skila viðbrögðum eða vinna með efni þeirra á skapandi eða gagnrýnninn hátt.

	lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.	
Samskipti	<u>Óformlegt samtal</u> tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli, <u>Almenn samskipti</u> tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum, <u>Samræður</u> tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.	• Samtalsæfingar þar sem tveir eða fleiri taka þátt í óformlegu samtali og nota föst orðasambönd. • Hlutverkaleikir og leikþættir sem herma eftir raunverulegum samskiptum (verslun, panta mat, biðja um upplýsingar). • Taka viðtöl, miðla upplýsingum og greina frá niðurstöðum í þörum eða hópum. • Umræður og tjáskipti um kunnugleg efni og daglegt líf, láta skoðun sína í ljós. • Munnleg samskipti við kennara og aðra nemendur um efni tengt náminu; samskiptaspil og leikir til að efla hlustun, tjáningu og samvinnu.
Frásögn	<u>Tjáning</u> tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum, <u>Frásögn og kynning</u> flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum, <u>Flutningur</u> samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra,	• Æfingar í skipulegri tjáningu um efni sem nemandi þekkir eða hefur unnið með í námi sínu, með viðbrögðum við spurningum. • Flutningur á undirbúni frásögn eða kynningu fyrir bekk eða hóp, með áherslu á öryggi og skýrleika. • Samin, æfð og flutt eigið efni, annaðhvort sjálfstætt eða í samstarfi við annan nemanda.

	<u>Framsögn</u> beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.	• Framsögn með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi - nota sjónrænt efni eða hjálpargögn til að styðja flutning. • Spurningalotur þar sem nemandi svarar spurningum og útskýrir efni fyrir áheyrendum. • Leikrænar æfingar og hlutverkaleikir til að æfa framsögn og tjáningu í raunverulegum aðstæðum.
Ritun	<u>Samfelldur texti</u> skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum, <u>Málnotkun</u> sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi, <u>Endursögn</u> skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt, <u>Persónuleg reynsla</u> skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða, <u>Skapandi ritun</u>	• Skrifa dagbækur eða daglegar færslur þar sem nemandi lýsir degi sínum eða verkefnum. • Verkefni þar sem nemandi skrifar stutta frásögn eða lýsingu (t.d. ferðasaga, lýsing á atburði). • Samvinna í pörum: skrifa sameiginlega sögur þar sem hver nemandi bætir við köflum • Æfingar í tengiorðum og setningaskipan, t.d. fylla inn í texta eða endurskrifa einfaldar setningar með tengiorðum. • Orðaforðaprautir eða orðaleikir sem styrkja fjölbreytni í tjáningu. • Hópverkefni: búa til reglubundinn texta með



2025-2026

	samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín.	ákveðnu máli og samræmi (t.d. leiðbeiningar eða grein). • Lesa stutta texta eða hlusta á stutta frásögn og skrifa niður eigin endursögn. • Skilgreina lykilatriði í texta og endursegja með eigin orðum. • Samanburðarverkefni: bera saman eigin endursögn við frumtexta og ræða muninn. • Skrifa stuttar greinar eða sögur um eigin upplifanir, tilfinningar eða skoðanir. • Verkefni þar sem nemandi býr til spurningar og svarar þeim um eigin reynslu. • Skrifa ljóð, stuttar sögur, ævintýri eða vísindaskáldsögur þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. • „Frjáls skrif“ þar sem nemandi skrifar án takmarkana í ákveðinn tíma til að efla sköpunargáfu. • Hópverkefni þar sem nemendur búa til sameiginlega sögu eða leikrit. • Nota myndir, tónlist eða myndbönd sem innblástur fyrir ritun.
--	---	--



2025-2026

Menningarlæsi	<u>Samfélag</u> sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins, <u>Fjölbreytileiki</u> gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma, <u>Skyldleiki og afbrigði tungumála</u> greint á milli helstu afbrigði tungumálsins.	• Umræðu- og verkefnaæfingar þar sem nemandi kannar samfélagsgerð, menningu og einkenni þjóðfélagsins. • Skoða og ræða fjölbreytileika íbúa á viðkomandi málsvæði, áhrif menningar og fordóma. • Kynningar og hópverkefni þar sem nemendur bera saman menningarlega bakgrunna og reynsluheima. • Greina og bera saman helstu afbrigði tungumálsins, t.d. svæðisbundin mál, mállýskur eða orðasambönd. • Verkefni sem tengja menningu og tungumál við daglegt líf, t.d. sögur, textar, myndbönd eða viðtöl.